

# Hamfarir fyrirsvaramanna hjá Geðhjálp

## Eftir Einar Gaut Steingrímsson

Á BAKSÍÐU í DV hinn 30. október sl. birtist frétt með fyrir sögninni „Beðið um rannsókn á sértrúarsöfnuðum“. Þar var fjallað um beiðni Geðhjálpar til heilbrigðisráðherra og landlæknis um rannsókn á því „hvort svokölluð frjáls trúfélög séu að misnota aðstæður geðsjúks fólks“. Síðan eru embættin beðin um að bregðast við þessu.

Í frétt DV er fjallað í einni andrá um öll trúfélög í landinu sem ekki tilheyra þjóðkirkjunni án nokkurrar frekari afmörkunar. Þau eru sökuð um hina lúalegustu hluti, s.s. að féfletta geðsjúka og öryrkja. Ásakanirnar eru til þess fallnar að vekja undrun, reiði, hneykslan og andúð gagnvart þeim sem þær beinast að. Í þessu tilfalli að öllum „frjálsum trúfélögum“.

Menn verða að gæta að sér. Í 233.a gr. almennra hegningarlaga segir: „Hver sá sem með háði, rögi,



„Það sem vekur stærstu spurningar hjá undirrit-

uðum er hvers vegna menn telja sér heimilt að rægja svokölluð „frjáls trúfélög“.“

smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis þeirra, lit-arháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar sæti sektum eða fangelsi allt að 2 árum.“

Má benda á að ofsóknir nasista gegn gyðingum hófust einmitt með rögsherferðum um lúalega hegðun meðal gyðinga.

Það vekur sérstaka athygli að rannsóknarbeiðni skuli beint að landlækni og heilbrigðisráðherra í stað lögreglunnar, sem hefur með rannsókn misneytingarmála að gera. Skv. lögum ber henni að gæta að því að rannsaka jöfnum höndum atriði sem styðja sekt eða sakleysi. Með rögsherferð í fjölmiðlum njóta menn ekki þessa réttar. Einstök trúfélög geta ekki varist svona ásökunum nema benda á sjálf sig og segja að þetta gerist ekki innan þeirra vébanda.

Skráð trúfélög utan þjóðkirkjunnar eru t.d. Ásatrúarmenn, Vegurinn, Baháar, Krossinn, Hvítasunnnumenn, Fríkirkjan í Reykjavík, Óháði söfnuðurinn og Kapólska kirkjan. Auk þeirra eru mörg óskráð trúfélög til. Öll falla undir hugtakið „frjáls trúfélög“.

Í blaðagrein DV er hugtakið „sértrúarsöfnuður“ notað um hin „frjálsu trúfélög“. Hugtakið á rætur að rekja til gamalla viðhorfa um að allir landsmenn skyldu vera sömu

trúar og þjóðhöfðinginn. Skipti hann um trú þar öllum landsmönnum að gjöra slíkt hið sama. Þessi regla var afnumin á 19. öld með breyttum viðhorfum. Þá var litið svo á að mönnum væri frjálst hverju þeir tryðu. Á Íslandi var trúfrelsi endanlega lögfest með setningu stjórnarskrár árið 1874. Áður en trúfrelsi komst á höfðu margir hrökklast úr landi um alla Evrópu fyrir að vera annarrar trúar en þjóðhöfðinginn. Flestir héldu til Ameríku.

Það er sérkennilegt að DV, sem gengið hefur fram fyrir skjöldu í að gagnrýna ríkisforræði í menningarlegum efnum, skuli nota orðið „sértrúarsöfnuður“ í fyrir sögnum og uppfefna þannig þá sem ekki tilheyra sama trúfélagi og forseti landsins, herra Ólafur Ragnar Grímsson. Efst á sömu síðu stendur „DV“ og þar fyrir neðan „frjálst, óháð dagblað“. Því spyr maður hvernig DV mönnum litist á að fjölmiðlar, sem ekki væru á vegum íslenska ríkisins, yrðu kallaðir „sérskoðunarfjölmiðlar“. Tekið skal fram að fréttamenn Ríkisútvarpsins nota einnig hugtakið „sértrúarmaður“. Þeir hafa þó ekki eins og DV flykkt sér um þau viðhorf að ríkið skuli ekki koma nálægt fjölmiðlum eða trúarstarfsemi. Reyndar er það Íslendingum líkt að halda að venju-legur kristindómur sé lúterskur

þótt lúterskir séu aðeins litill hluti kristinna manna.

Oft er hugtakið „sértrúarmaður“ notað um kristið fólk sem ekki er í þjóðkirkjunni. Slík viðhorf eru ævaforn og ná aftur fyrir siðaskipti. Þá var þeim, sem ekki voru kristnir, oft líðið að hafa sína eigin siði, s.s. gyðingum. Kristnir, sem hins vegar viku frá síðum kapólsku kirkjunnar, voru iðulega þannfærðir eða jafnvel brenndir á báli.

Það sem vekur stærstu spurningar hjá undirrituðum er hvers vegna menn telja sér heimilt að rægja svokölluð „frjáls trúfélög“. Mönnum hefði aldrei dottið í hug að senda erindi til heilbrigðisráðherra eða landlæknis með ásakanir um að svart fólk misnotaði öryrkja og geðsjúka jafnvel þótt t.d. einn svartur maður lægi undir grun. Sömu leiðis myndu menn ekki ásaka samkynhneigða sem einn hóp um slíkan verknáð þótt einn slíkur lægi undir grun um að hafa framið refsivert athæfi. Hvernig mönnum datt í hug að fara með þessum hætti fram gagnvart „frjálsu trúfélögum“ er undirrituðum hulin ráðgáta.

Að lokum vil ég hvetja Geðhjálp til að gæta hófs og fjölmiðla til að bera ekki út rögburð af þessu tagi. Hér er í eðli sínu um hatursáróður að ræða.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður.*